

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 22. desember 2022

Mál nr. E-2307/2021:

## **Bali ehf. og Geysir-Fjárfestingarfélag ehf.**

(Viðar Lúðvíksson lögmaður og Styrmir Gunnarsson lögmaður)

**gegn**

## **Ríkisútvarpinu ohf.**

(Stefán A. Svensson lögmaður)

## **og Matvælastofnun**

(Þorvaldur Hauksson lögmaður)

### **Dómur**

Mál þetta, sem dómtekið var 2. desember 2022, var höfðað 2. mars 2021 af hálfu Bala ehf., [...], og Geysi-Fjárfestingarfélagi ehf., [...], á hendur Ríkisútvarpinu ohf., [...], og Matvælastofnun, [...], til viðurkenningar á skaðabótaábyrgð.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru aðallega þær að viðurkennd verði með dómi óskipt skaðabótaábyrgð stefndu gagnvart stefnendum hvorum um sig vegna tjóns sem Brúnegg ehf., kt. [...], urðu fyrir vegna undirbúnings, ummæla og umfjöllunar í sjónvarpsþættinum Kastljósi um málefni Brúneggja ehf., sem sýndur var á sjónvarpsrás stefnda Ríkisútvarpsins ohf. þann 28. nóvember 2016.

Til vara krefjast stefnendur þess að viðurkennt verði með dómi að stefndi Matvælastofnun beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefnendum, hvorum um sig, vegna tjóns sem Brúnegg ehf., kt. [...], urðu fyrir vegna eftirfarandi háttsemi:

- Afhendingar stefndu Matvælastofnunar á gögnum varðandi starfsemi Brúneggja ehf. til stefnda Ríkisútvarpsins ohf. dagana 24. maí, 6. september, 7., 8., 9., 10., 17., 21., 23. og 25. nóvember 2016,
- liðsinnis Viktors S. Pálssonar, Sigurborgar Daðadóttur og Jóns Gíslasonar, starfsmanna Matvælastofnunar, við stefnda Ríkisútvarpið ohf. við undirbúning og upptöku á sjónvarpsþættinum Kastljósi, sem sýndur var á sjónvarpsrás stefnda Ríkisútvarpsins ohf. þann 28. nóvember 2016, og
- ummæla Sigurborgar Daðadóttur og Jóns Gíslasonar, starfsmanna stefnda Matvælastofnunar, um starfsemi Brúneggja ehf. í sjónvarpsþættinum Kastljósi, sem sýndur var á sjónvarpsrás stefnda Ríkisútvarpsins ohf. þann 28. nóvember 2016.

Þá krefjast stefnendur þess jafnframt til vara að viðurkennt verði með dómi að stefndi Ríkisútvarpið ohf. beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefnendum, hvorum um sig,

vegna tjóns sem Brúnegg ehf., kt. [...], urðu fyrir vegna ummæla Tryggva Aðalbjörnssonar og Þóru Arnórsdóttur, starfsmanna Ríkisútvarpsins ohf., um starfsemi Brúneggja ehf. í sjónvarpsþættinum Kastljósi, sem sýndur var á sjónvarpsrás stefnda Ríkisútvarpsins ohf. þann 28. nóvember 2016.

Loks krefjast stefnendur þess í öllum tilvikum að þeim, hvorum um sig, verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefndu samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast endanlega hvor um sig sýknu af öllum dómkröfum stefnenda og málskostnaðar óskipt úr þeirra hendi, að mati dómsins.

Í greinargerðum beggja stefndu var þess aðallega krafist að málinu yrði vísað frá dómi af nokkrum tilgreindum ástæðum, meðal annars þeirri að krafist var viðurkenningar á bótaábyrgð stefndu gagnvart báðum stefnendum saman en ekki gagnvart hvorum stefnanda um sig, en stefnendur breyttu kröfugerð að þessu leyti með bókun við upphaf málflutnings um frávísunarkröfur stefndu 1. desember 2021. Með úrskurði þessa dóms 22. desember 2021 var fallist á frávísunarkröfur stefndu og var málinu vísað frá dómi í heild sinni. Með úrskurði Landsréttar 6. apríl 2022 í máli réttarins nr. 9/2022 var sú niðurstaða að vísa frá dómi aðalkröfum beggja stefnenda og hluta af varakröfum þeirra staðfest. Á hinn bóginn var úrskurður héraðsdóms um frávísun krafna sem áður voru 1. og 5. varakröfur stefnenda felldur úr gildi, og um ákvörðun um málskostnað sem skyldi biða efnisdóms, og lagði Landsréttur fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar að þessu leyti. Stefnendur hafa, með bókun sem lögð var fram við upphaf aðalmeðferðar málsins 28. nóvember 2022, breytt kröfugerð sinni fyrir dómi með þeim hætti sem að framan greinir og er hér til úrlausnar. Eru þær dómkröfur stefnenda sem áður voru 1. varakröfur hvors um sig nú aðalkröfur þeirra, og efnislega eru fyrrum 5. varakröfur þeirra nú varakröfur þeirra, hvors um sig.

### **Yfirlit helstu málsatvika og ágreiningsefna**

Mál þetta er að rekja til útsendingar á sjónvarpsþættinum Kastljósi 28. nóvember 2016, en hann var gerður á vegum stefnda Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV). Í þættinum var einkum fjallað um starfsemi félagsins Brúneggja ehf., en yfirmenn stefnda Matvælastofnunar (MAST) tóku með því að veita viðtöl þátt í þeirri umfjöllun sem byggðist að miklu leyti á gögnum sem RÚV aflaði frá MAST við undirbúning og gerð þáttarins. Málsatvikum er lýst með nokkuð mismunandi hætti í stefnu annars vegar og í greinargerðum stefndu hins vegar, en í greinargerðum er lýsingum málsatvika í stefnu jafnframt mótmælt.

Stefnendur kveða þungamiðju þáttarins hafa verið fullyrðingar annars vegar um að Brúnegg hefðu beitt blekkingum eða vörusvikum gagnvart neytendum með því að markaðssetja vöru sína sem vistvæna landbúnaðarframleiðslu og hins vegar um að Brúnegg gættu ekki að velferð þeirra fugla sem starfsemi félagsins byggðist á. Þessa umfjöllun telja stefnendur hafa leitt til tjóns og síðar gjaldþrots félagsins Brúneggja ehf.,

þar sem viðskipti við félagið hafi dregist saman eða þeim verið hætt í kjölfar umfjöllunar stefnda RÚV, með aðkomu starfsmanna stefnda MAST.

Stefnendur, sem voru hluthafar í félaginu Brúneggjum ehf., krefjast í málinu viðurkenningar á skaðabótaábyrgð stefndu gagnvart sér, hvorum um sig, vegna tjóns félagsins Brúneggja ehf. af þessari umfjöllun. Starfsmenn beggja stefndu hafi með saknæmri og ólögmætri háttsemi valdið félaginu tjóni sem báðir stefndu beri skaðabótaábyrgð á. Byggja stefnendur aðild sína að kröfum á hendur stefndu á framsali, dags. 5. nóvember 2020, frá skiptastjóra þrotabús Brúneggja ehf. á öllum hugsanlegum kröfum þrotabúsins á hendur stefndu, meðal annars vegna þessara atvika. Stefndu hafna bótaskyldu og krefjast sýknu af öllum dómkröfum stefnenda.

Við aðalmeðferð málsins gaf aðilaskýrslu Kristinn Gylfi Jónsson, fyrirsvarsmaður stefnanda Geysis-Fjárfestingarfélags ehf. og fyrrum fyrirsvarsmaður Brúneggja ehf. Vitni báru þar Jón Gíslason, fyrrum forstjóri MAST, Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir og Viktor Stefán Pálsson, yfirlögfræðingur stofnunarinnar. Einnig báru þar vitni Tryggvi Aðalbjörnsson, fréttamaður RÚV, og Þóra Arnórsdóttir, fyrrum ritstjóri Kastljóss RÚV. Vikið verður að framburði framangreindra í niðurstöðukafla dómsins eftir því sem þurfa þykir.

## **Helstu málsástæður og lagarök stefnenda**

### ***Gagnvart Matvælastofnun***

Kröfur sínar á hendur Matvælastofnun (MAST) kveða stefnendur meðal annars byggjast á almennum reglum skaðabótaréttar, einkum sakarreglunni, reglum um vinnuveitendaábyrgð, stofnanaábyrgð og skaðabótaábyrgð hins opinbera, og reglum stjórnisýsluréttar um skaðabótaábyrgð vegna ólögmætra stjórnvaldsákvarðana og annarra athafna. Auk þess sé byggt á strangari bótareglum.

Afhending gagna MAST til Ríkisútvarpsins (RÚV) og málsmeðferð henni tengd hafi falið í sér saknæma og ólögmæta háttsemi. MAST hafi afhent RÚV gögn umfram lagaheimild í 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 með afhendingu gagna um starfsemi Brúneggja til RÚV án þess að afmá þaðan allar upplýsingar um nafn Brúneggja og aðrar upplýsingar sem nýta mætti til að auðkenna fyrirtækið, sem og upplýsingar úr rekstri félagsins, þar á meðal um fjölda fugla og þéttleika í varphúsum. Gögnin og upplýsingarnar sem MAST hafi lagt RÚV til og notuð hafi verið í Kastljósi hafi haft gríðarleg áhrif á fjárhagslega og viðskiptalega hagsmuni Brúneggja.

Í bréfi fréttamanns RÚV til MAST, dags. 30. mars 2016, hafi verið óskað eftir upplýsingum og gögnum um athugasemdir MAST við dýravelferð á 47 bæjum á árinu 2014 og um athugasemdir MAST um „alvarlegt frávík“. Starfsmaður MAST hafi þess í stað vísað fréttamanninum óumbeðið á gögn og athugasemdir sem MAST hafði gert við starfsemi Brúneggja á árinu 2015. Samkeppnisaðilar Brúneggja, sem fengið hefðu að

mörgu leyti sambærilegar athugasemdir og kröfur frá MAST um úrbætur, en hafi ekki orðið fyrir viðlíka gagnaleka og umfjöllun í Kastljósi, séu enn í rekstri í dag. Dæmi séu um að MAST hafi bæði fyrr og síðar synjað RÚV um upplýsingar um einstaka framleiðendur í öðrum búgreinum. Þá hafi andmælaréttur félagsins ekki verið virtur við afhendinguna. MAST hafi aldrei upplýst Brúnegg um fram komnar gagnabeiðnir RÚV og hafi þannig svipt Brúnegg lögbundnum rétti til að gæta hagsmuna sinna vegna þeirra. Í bréfi úrskurðarnefndar um upplýsingamál, dags. 17. desember 2019, komi fram að með réttu hefði Matvælastofnun átt að óska eftir afstöðu þeirra sem upplýsingar vörðuðu áður en synjað var um aðgang að gögnunum á grundvelli 9. gr. upplýsingalaga. Þó að í bréfinu segi að úrskurðarnefndin hafi bætt úr slíkum vanköntum á málsmeðferð, með því að senda sjálf þriðju aðilum bréf telji hún þörf á því til að upplýsa málið, hafi það enga þýðingu þar sem bréf nefndarinnar hafi ekki verið sent Brúneggjum fyrr en 4. janúar 2017, eftir að Kastljóspátturinn var sýndur og tjónið hafði orðið.

Ákvörðun um afhendingu gagnanna hafi verið ólögmat, saknæm og ógildanleg samkvæmt almennum reglum stjórnsluréttar. Með þeirri háttsemi hafi meðal annars verið brotið gegn upplýsingalögum nr. 140/2012, lögmætisreglu stjórnsluréttar, meðalhófsreglu stjórnsluréttar (skráðri og óskráðri), jafnræðisreglu stjórnsluréttar (skráðri og óskráðri), reglu stjórnsluréttar um andmælarétt (skráðri og óskráðri), reglu stjórnsluréttar um málefnaleg sjónarmið og gegn upplýsingastefnu Matvælastofnunar. Ekki hafi verið gætt að meginreglu um málefnaleg sjónarmið við meðferð gagnabeiðna RÚV og afhendingu gagna um starfsemi Brúneggja. Beri stofnunin ábyrgð á þeirri háttsemi starfsmanna sinna, sem verið hafi ólögmat og viðhöfð af stórkostlegu gáleysi, eða í það minnsta einföldu gáleysi og án þess að skeytt hafi verið um afleiðingar hennar.

Meðferð mála og afstaða MAST gagnvart rekstri einstakra eggjaframleiðenda og svokölluðum frávikum hafi verið önnur en þegar komið hafi að Brúneggjum ehf. MAST hafi ranglega metið og tilgreint hugsanleg frávik í rekstri Brúneggja sem alvarleg frávik, en frávik sem telja mætti ekki minna alvarleg í rekstri annarra eggjaframleiðenda væru jafnan nefnd frávik. Stefnendur vísi þar um til gagna MAST um eftirlit með tilgreindum eggjaframleiðendum og sérstaklega til tveggja dæma um of mikinn fjölda hæna í búrum. Þessi háttsemi MAST hafi verið ólögmat og saknæm og hafi með henni meðal annars verið brotið gegn lögmætisreglu stjórnsluréttar, jafnræðisreglu stjórnsluréttar (skráðri og óskráðri), rannsóknarreglu stjórnsluréttar (skráðri og óskráðri), reglu stjórnsluréttar um málefnaleg sjónarmið og gegn kröfum stjórnsluréttar um réttmæti.

Þátttaka MAST við undirbúning Kastljóss og ummæli starfsmanna MAST í þættinum hafi falið í sér saknæma og ólögmeta háttsemi, svo sem með fullyrðingum um meinta slæma meðferð og aðbúnað dýra, með röngum, villandi og óheimilum samanburði á starfsemi Brúneggja annars vegar og starfsemi annarra, ótilgreindra eggja-

framleiðenda o.fl. hins vegar. MAST hafi ekki verið heimilt að lögum að tjá sig í fjölmiðlum um málefni einstakra eftirlitsskyldra aðila og enn síður að láta í ljós gildishlaðnar skoðanir á einstökum eftirlitsskyldum aðilum, svo sem Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir og Jón Gíslason, fyrrum forstjóri MAST, hafi gert í Kastljósþættinum.

Þó að aðbúnaður hænsna hjá Brúneggjum hafi ekki verið verri en hjá öðrum eggjaframleiðendum, heldur að líkindum betri, hefði MAST verið óheimilt að fjalla sérstaklega um það og láta í ljós samanburð á opinberum vettvangi og fjalla einangrað um fyrirtækið með þeim neikvæða hætti sem gert hafi verið í Kastljósi, hvað þá um mál sem hafi verið löngu lokið, svo sem um fuglakóleru, sem kom upp hjá Brúneggjum árið 2010. Engin réttlætning verði fundin fyrir því að fjallað sé um vörslusviptingu, sem hugsanlega hefði getað staðið fyrir dyrum ári áður, þ.e. 2015, en ekkert hafi orðið úr vegna úrbóta Brúneggja. Þá sé rangfærsla og misskilningur í ummælum yfirdýralæknis um að grunur hafi verið um of marga fugla hjá Brúneggjum haustið 2016 og látið sé ranglega að því liggja að Brúnegg hafi ekki sinnt kröfum og ábendingum MAST um úrbætur.

Ummæli starfsmanna MAST hafi verið ómálefnaleg, ónauðsynleg og hafi ekki þjónað lögmætu hlutverki eða takmarki stjórnvaldsins, heldur hafi þau vegið gróflega að æru og heiðri Brúneggja. Í umfjöllun yfirdýralæknis um stress í hænum hafi verið látið ranglega að því liggja að hænum hjá Brúneggjum hafi ekki liðið vel. Þetta sé undarleg og villandi yfirlýsing, einkum þegar haft sé í huga að Sigurborg virðist aldrei hafa komið í varphús Brúneggja. Þá hafi hún ekkert fjallað um aðbúnað búrheimsna, en vafalaust sé að aðbúnaður hænsna hjá Brúneggjum hafi alltaf verið betri en hjá búrheimsnum. Ummælin hafi verið án samhengis og gefið ranglega til kynna að Brúnegg væru varasamur eggjaframleiðandi sem færi illa með dýr.

Jón Gíslason hafi fullyrt að starfsfólk MAST hafi talið að verið væri að blekkja neytendur vegna þess að Brúnegg hafi ekki uppfyllt kröfur og að hann geti ekki séð að fjöldi fugla hjá Brúneggjum hafi nokkurn tíma verið í samræmi við kröfur um vistvæna landbúnaðarframleiðslu. Það hafi aldrei verið hlutverk MAST að hafa eftirlit með ákvæðum reglugerðar um vistvæna landbúnaðarframleiðslu, heldur hafi það verið í höndum viðkomandi búnaðarsambands. Með ummælum forstjórans hafi MAST veitt rangar upplýsingar og farið út fyrir lögmæltar heimildir sínar. Auk þess hafi ekki verið skeytt um jafnræði eða sanngjarnan samanburð við aðra eggjaframleiðendur, ef yfirleitt yrði talið að forstjóra MAST hafi verið heimilt að tjá sig um málefni einstakra eftirlitsskyldra aðila. Þá lýsi yfirdýralæknir því yfir í þættinum að MAST fylgist áfram náið með starfsemi Brúneggja, en engar heimildir séu fyrir stjórnvald til að lýsa því yfir með þessum hætti að það hyggist fylgjast náið með eftirlitsskyldum aðila.

Engar lagaheimildir séu fyrir framangreindri háttsemi, en MAST beri sem stjórnvald sönnunarbyrði um að stofnunin hafi fylgt lögmætisreglu stjórnvísuluréttar og öðrum

reglum við meðferð málefna Brúneggja. MAST beri auknar skyldur og ríkari ábyrgð en ella sem eftirlitsstjórnvald, með aðgang að húsnæði, upplýsingum og allri eftirlitsskyldri starfsemi þeirra aðila sem undir eftirlit stofnunarinnar heyrðu. MAST hafi borið að viðhafa sérstaka aðgæslu og trúnað um upplýsingar sem stofnunin komst yfir og gæta þess að upplýsingarnar yrðu ekki opinberaðar eða til tjóns fyrir einhverja þá sem heyrðu undir eftirlit stofnunarinnar.

Með framangreindri háttsemi hafi meðal annars verið brotið gegn lögmatísreglu stjórnisýsluréttar, jafnræðisreglu stjórnisýsluréttar (skráðri og óskráðri), meðalhófsreglu stjórnisýsluréttar (skráðri og óskráðri), reglu stjórnisýsluréttar um málefnaleg sjónarmið o.fl. Einnig gegn reglum um ærumeiðingar, sbr. þá verndarhagsmuni sem 235., 236. og 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 taki til, og gegn reglum um þagnarskyldu, þar á meðal um þagnarskyldu opinberra starfsmanna, sbr. 18. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. og 42. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 o.fl.

#### ***Gagnvart Ríkisútvarpinu ohf.***

Kröfur sínar á hendur Ríkisútvarpinu ohf. (RÚV) kveða stefnendur byggjast á því að stefndi RÚV beri bótaskyldu vegna fjártjóns sem starfsmenn stefnda valdi með saknæmri og ólögmati háttsemi, sbr. 50. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Einnig samkvæmt reglum skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð, stofnanaábyrgð o.fl. Tryggvi Aðalbjörnsson, starfsmaður RÚV, hafi samið og flutt umfjöllun Kastljóss í eigin nafni og beri á því skaðabótaábyrgð samkvæmt a-lið 1. mgr. 50. gr. laganna. Þóra Arnórsdóttir hafi verið ritstjóri Kastljóss á umræddum tíma og beri sem slík skaðabótaábyrgð samkvæmt c-lið 1. mgr. 50. gr. laganna, auk þess sem hún hafi flutt hluta efnisins, sbr. a-lið sömu lagagreinar. RÚV teljist fjölmiðlaveita í skilningi 2. mgr. 50. gr. laganna og beri sem slík ábyrgð á greiðslu skaðabóta, sem Tryggva og Þóru sé skylt að greiða samkvæmt framangreindu.

Undirbúningur fyrir Kastljóspáttinn, samskipti við fyrirsvarsmenn Brúneggja ehf. sem og umfjöllun og efnistöð Kastljóss um Brúnegg ehf. hafi allt í senn verið ósanngjörn, röng og villandi, hvort sem litið sé til einstakra ummæla eða umfjöllunar og framsetningar í heild sinni, og hafi verið saknæm og ólögmat. Brotið hafi verið gegn grundvallarskyldum til að gæta að sanngirni, hlutlægni, jafnræði, fréttnæmi og hagsmunum þeirra sem um hafi verið fjallað.

Í þættinum hafi ekki verið byggt á niðurstöðum réttis eftirlitsaðila þegar látið hafi verið að því liggja að Brúnegg hefðu aldrei fylgt ákvæðum reglugerðar nr. 504/1998 um vistvæna landbúnaðarframleiðslu, sem ekki sé rétt. Sú reglugerð hafi verið felld úr gildi þann 1. nóvember 2015 með reglugerð nr. 899/2015 og eftir það hafi ekki verið í gildi nein reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu. Ranglega hafi verið látið að því liggja að Brúnegg hafi „blekkt“ neytendur, að aðbúnaður hænsna hjá Brúneggjum væri

verri en annars staðar og að í rekstri Brúneggja væri farið illa með dýr, en ekkert hafi verið skeytt um að draga fram aðstöðu hænsna hjá öðrum eggjaframleiðendum.

Umfjöllun Kastljóss hafi lotið að eldra ástandi og athugasemdum MAST, sem Brúnegg hafi bætt úr, en ekkert hafi verið fréttuð við aðstöðu eða samskipti Brúneggja og MAST á árinu 2015 þann 28. nóvember 2016. Umfjöllun um árgömul afgreidd mál-efni Brúneggja hafi verið villandi gagnvart áhorfendum, ósanngjörn og saknæm og til þess fallin að valda Brúneggjum fjártjóni. Tryggvi hafi ranglega dregið upp dökka mynd af aðbúnaði fugla hjá Brúneggjum, meira að segja reynt að gera það tortryggilegt að fuglakólera hafi komið upp hjá fyrirtækinu sex árum áður og virðist einungis nota sjúkdóminn, sem ekki fari í afurðir hæna, til að sverta Brúnegg og gera fyrirtækið tortryggilegt. Hann hafi gert mikið úr tiltölulega litlum og gömlum málum, sem afgreidd hafi verið fjórum árum áður, án þess að geta þess að sambærileg og verri mál hefðu komið upp í rekstri annarra eggjaframleiðenda.

Fjallað sé um fjölda hæna á fermetra í húsum Brúneggja og sýnt myndrænt hvernig 8, 9, 13 og 24 hænur rúmast í eins fermetra kassa, en þess ekki getið að MAST hafi árið 2010 og næstu ár þar á eftir miðað við 12 fugla á fermetra. Mikið sé gert úr því að 24 fuglar hafi verið á fermetra, þegar hið rétta sé að það hafi gerst í mjög skamman tíma. Hænur Brúneggja hafi aldrei verið í kössum eða búrum og hafi öll umfjöllun Tryggva því verið röng og villandi og gefið kolranga mynd af aðbúnaði fugla hjá Brúneggjum. Þá skorti í umfjöllunina allan samanburð við aðra framleiðendur, einkum þá sem héldu hænur í búrum. Þrátt fyrir ábendingar Kristins Gylfa Jónssonar um hið gagnstæða hafi Tryggvi viðhaft ummæli um að fjöldi fugla í húsum Brúneggja hafi verið of mikill haustið 2016, sem séu beinlínis röng svo sem fram hafi komið í viðtali við Kristin strax á eftir ummælum Tryggva í þættinum. Viðtal Tryggva við hann í þættinum hafi verið að stórum hluta þýðingarlaust þar sem Brúnegg hafi ekki verið upplýst um eðli tilvonandi umfjöllunar í Kastljósi. Þetta hafi verið sérstaklega ámælisvert í ljósi þess að Tryggvi virðist hafa undirbúið stefnda MAST og starfsmenn stofnunarinnar vel undir umfjöllun Kastljóss og hvers eðlis hún yrði. Í umfjöllun Kastljóss hafi verið vegið gróflega að æru og heiðri Brúneggja og þannig brotið gegn þeim verndarhagsmunum sem 235., 236. og 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 taka til.

Tryggvi hafi símileiðis 21. júlí 2016 óskað eftir því við ritara úrskurðarnefndar um upplýsingamál að afgreiðslu kærumáls RÚV um aðgang að gögnum í vörslum MAST yrði frestað, augljóslega í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að úrskurðarnefndin upplýsti Brúnegg um meðferð kærumálsins og gæfi Brúneggjum kost á að gæta andmælaréttar. Í stað þess að upplýsa Brúnegg um vinnu við fréttina hafi Tryggvi leitast við að halda fyrirtækinu, sem verið hafi andlag fréttaskýringarinnar, alfarið í myrkrinu um hana og takmarka möguleika fyrirtækisins til að gæta hagsmuna sinna, sem saknæmt sé og ólöglegt. Þá hafi sú háttsemi RÚV að hafna með tölvupóstum þann 28. nóvember 2016

beiðni um að umfjöllun yrði frestað verið ómálefnaleg og í andstöðu við grundvallar-skyldur fréttamanna og fjölmiðla og aðrar þær reglur sem stefnendur vitni til.

Með framangreindri háttsemi sinni hafi stefndi RÚV og/eða starfsmenn, sem RÚV beri ábyrgð á, brotið gegn skyldum sínum til að uppfylla kröfur um hlutlægni, nákvæmni og vönduð vinnubrögð, sbr. meðal annars lög nr. 38/2011 um fjölmiðla, lög nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, siðareglur Blaðamannafélags Íslands og siðareglur Ríkisútvarpsins ohf. og hafi brotið gegn þeim verndarhagsmunum sem 235., 236. og 241. gr. almennra hegningarlaga taki til. Með beinni íhlutun og afskiptum starfsmanna RÚV af störfum úrskurðarnefndar um upplýsingamál hafi auk þess verið brotið gegn framangreindum ákvæðum, reglum og kröfum með ólögætum og saknæmum hætti.

### ***Önnur atriði sem varða málsástæður stefnenda***

Stefnendur telji einsýnt að framangreind háttsemi stefnda MAST og stefnda RÚV hafi valdið Brúneggjum ehf. fjártjóni, eða hafi í það minnsta átt sinn þátt í því samkvæmt meðorsakareglu skaðabótaréttar, enda hafi fjártjónið orðið strax í framhaldi af sýningu Kastljósþáttarins þann 28. nóvember 2016.

Aðilasamlag til sóknar jafnt sem varnar byggist á 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 19/1991 og heimild til að höfða viðurkenningarmál byggist á 2. mgr. 25 gr. sömu laga. Stefnendur séu réttmætir eigendur skaðabótakrafna á hendur stefndu á grundvelli kröfuframsals frá þrotabúi Brúneggja ehf. Öllum málsástæðum stefndu sé andmælt.

Málskostnaðarkrafa stefnenda byggist á 129. gr., 130. gr. og 2. mgr. 132. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

### **Helstu málsástæður og lagarök stefnda Matvælastofnunar**

Stefndi Matvælastofnun (MAST) mótmælir öllum kröfum og málatilbúnaði stefnenda, bæði í heild og um einstök atriði. Því sé mótmælt að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt, þar með talið sök, tjón, orsakatengsl og sennileg afleiðing, auk þess sem þau séu ósönnuð. Öllum staðhæfingum um meinta sönnunarbyrði stefnda sé mótmælt enda séu það stefnendur sem beri sönnunarbyrðina í samræmi við meginreglur réttarfars og þurfi að sýna fram á og sanna meint tjón sitt sem og að stefndi beri skaðabótaábyrgð á því meinta tjóni í samræmi við meginreglur skaðabótaréttar.

Stefnda MAST beri að sýkna vegna aðildarskorts stefnenda þar sem kröfuframsals þrotabús Brúneggja ehf. til þeirra sé í andstöðu við lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Einnig sé aðildarskortur til sóknar vegna þess að ósannað sé að stefnendur geti átt tilkall til skaðabóta frá stefnda vegna ætlaðs tjóns Brúneggja ehf., í ljósi þess að rekstur félagsins hafði verið seldur til Gjáhólts ehf. áður en bú fyrrnefnda félagsins var tekið til skipta.

Krafa um skaðabætur frá stefnda MAST vegna ætlaðs tjóns Brúneggja ehf. sé fallin niður vegna tómlætis, en kröfubréf hafi fyrst verið sent stefnda 9. nóvember 2020 þegar um fjögur ár hafi verið liðin frá sýningu þáttarins. Engar haldbærar skýringar séu á þessum drætti og hafi stefnendur með tómlæti sínu fyrirgert sér hvers konar kröfum vegna umfjöllunar sem reist hafi verið á stjórnsýslueftirliti og niðurstöðum þess, sem ekki hafi verið leitast við að hnekkja með kæru til æðra stjórnvalds eða með öðrum hætti.

Skilyrði óskiptrar skaðabótaábyrgðar stefndu MAST og RÚV séu ekki uppfyllt. Þó að skilyrðum 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 varðandi aðilasamlag til varnar geti verið fullnægt sé því mótmælt að um óskipta (in solidum) skaðabótaábyrgð stefndu geti verið að ræða. Aðgerðir og athafnir stefndu hafi verið sjálfstæðar og geti ekki talist hafa haft samverkandi áhrif á meint tjón stefnenda í skilningi skaðabótaréttar. Stefndi MAST hafi engin áhrif haft á efnistöð og framsetningu meðstefnda RÚV í Kastljóspættinum, auk þess sem stofnunin hafi sjálf sætt óvæginni gagnrýni í þættinum fyrir eftirlitsstörf. Meint skaðabótaábyrgð stefnda og meðstefnda RÚV byggist ekki á sömu málsástæðum og atvikum enda um mismunandi háttsemi að ræða sem hvorugur stefndi geti borið óskipta skaðabótaábyrgð á. Verði talið að stefnendur eigi aðild að málinu, geti gert kröfur fyrir dómi og að öll skilyrði skaðabótaábyrgðar hafi verið uppfyllt, geti aðeins verið um skipta (pro rata) ábyrgð að ræða í samræmi við varakröfur stefnenda.

Stefndi MAST og starfsmenn stofnunarinnar hafi ekki sýnt af sér ólögmeta og saknæma háttsemi þegar upplýsingabeidnir meðstefnda hafi verið afgreiddar. Líta verði til þess að MAST hafi borið skylda lögum samkvæmt til að afhenda umbeðin gögn og veita umbeðnar upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012. Í 5. gr. laganna komi sú meginregla fram að stjórnvaldi er *skyld* að afhenda gögn sé eftir því leitað. Sú skylda geti sætt takmörkunum samkvæmt 6.–10. gr. laganna. Við afhendingu gagna um starfsemi Brúneggja hafi 9. gr. laganna komið til álita og hafi stefndi fjarlægt upplýsingar sem féllu undir mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni Brúneggja, en úrskurðarnefnd um upplýsingamál hafi talið að það hefði verið óheimilt í úrskurði nr. 676/2017, um synjun stefnda á að veita upplýsingar um fjölda fugla í húsum Brúneggja og annars eggjaframleiðanda, auk upplýsinga um samskipti Brúneggja við erlenda birgja um kaup á tilteknum vörum.

Rökstuðningur nefndarinnar sýni að stefnda hafi verið skylt að afhenda þau gögn sem meðstefndi RÚV fór fram á að fá afhent. Stefndi hafi afgreitt erindi RÚV 20. maí 2016, enda hafi beiðnin, um öll gögn er tengdust alvarlegri athugasemd á hæsnabúi sem vísað hafi verið til í starfsskýrslu árið 2014, uppfyllt skilyrði 15. gr. um afmörkun á gögnum. Því sé það rangt að stefndi hafi óumbeðið vísað á gögn og athugasemdir sem gerðar hafi verið við starfsemi Brúneggja á árinu 2014 og því síður að afgreiðsla stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 140/2012 hafi verið saknæm og ólögmet eða í andstöðu við reglur stjórnsýsluréttarins.

Markmið upplýsingalaga samkvæmt 1. gr. laganna sé að stuðla að gegnsæi í opinberri stjórnslu. Réttur almennings til að fá aðgang að gögnum hjá opinberum aðilum væri til lítils ef óheimilt væri að afhenda gögn sem kunni að hafa áhrif á ímynd eftirlitsþega. Margvísleg sjónarmið komi til skoðunar varðandi aðgengi almennings að gögnum um fyrirtæki, svo sem þau sem stefndi hafi afhent meðstefnda RÚV um Brúnegg og aðra eggjaframleiðendur. Meta verði hvort vegi þyngra, undantekningarregla um hagsmuni viðkomandi fyrirtækis eða þeir hagsmunir sem meginreglu 5. gr. laganna um aðgang almennings sé ætlað að tryggja. Upplýsingaskyldan hafi ótvírætt verið fyrir hendi þó að gögn hafi að geyma upplýsingar sem kunni að vera neikvæðar fyrir ímynd fyrirtækis. Réttur almennings til að fá aðgang að opinberum gögnum um starfsemi Brúneggja hafi vegið þyngra en hagsmunir fyrirtækisins af því að þeim yrði haldið leyndum. Brúnegg hafi merkt og markaðssett egg sín sem vistvæna framleiðslu, en Neytendastofa hafi komist að þeirri niðurstöðu að merking og markaðssetning Brúneggja fæli í sér brot gegn lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Hefði stefndi afmáð upplýsingar um nafn félagsins og aðrar upplýsingar sem nýta mætti til að auðkenna það hefði það ekki aðeins verið brot á skyldu til að afhenda upplýsingarnar heldur hefði það einnig leitt til þess að slíkar upplýsingar hefði þurft að afhenda síðar samkvæmt úrskurði nefndarinnar.

Stefndi hafi ekki brotið gegn andmælarétti Brúneggja ehf. með því að upplýsa fyrirtækið ekki um fram komna beiðni RÚV, en Brúnegg hafi aldrei átt lögbundinn rétt til að gæta hagsmuna sinna vegna gagnabeiðna RÚV. Aðili sem synjað sé um aðgang að gögnum geti verið aðili að kærumáli til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, en sá sem upplýsingar varði eigi ekki aðild að því máli í skilningi stjórnsluréttar. Eigi sá þar af leiðandi almennt ekki rétt á því að fá tilkynningu um meðferð máls eða til þess að láta málið til sín taka að öðru leyti á grundvelli stjórnslulaga. Réttindi samkvæmt stjórnslulögum, þar með talinn andmælaréttur, varði aðeins aðila stjórnslumáls í skilningi laganna. Af því leiði einnig að aðrar reglur stjórnsluréttar um aðila máls eigi ekki við um stefnendur. Ákvörðun stefnda um afhendinguna hafi verið lögmæt og byggð á mál-efnalegum forsendum og hafi ekki verið með neinum annmörkum sem hefðu getað leitt til ógildingar hennar. Því sé mótmælt að ritari úrskurðarnefndar um upplýsingamál hafi staðfest fyrir hönd nefndarinnar að stefndi hefði átt að óska eftir afstöðu Brúneggja. Almennt orðalag sem stefnendur vísi til í bréfi hafi enga þýðingu í málinu, enda hafi engin skylda eða ástæða verið til að senda Brúneggjum afstöðubréf. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga *geti* stjórnvald, áður en tekin er ákvörðun um aðgang að gögnum sem geta varðað einkahagsmuni, skorað á þann sem upplýsingar varða að upplýsa hvort hann telji að þær eigi að fara leynt. Aðild að málinu breytist ekki þótt óskað sé álits þess sem upplýsingarnar varða samkvæmt þessu heimildarákvæði.

Stefnda hafi borið að taka ákvörðun um hvort gögnin í heild eða að hluta sættu trúnaði og stefndi hafi tekið ákvörðun um að veita aðgang að gögnum með ákveðnum takmörkunum, sem úrskurðarnefnd um upplýsingamál hafi síðar talið að stefndi hefði ekki átt að setja. Stefndi hafi ekki stjórn á umfangi eða efni erinda um aðgang að gögnum, hafi einnig afhent gögn um aðra eggjaframleiðendur sem óskað hafi verið eftir af hálfu RÚV og hafi þær ákvarðanir lotið nákvæmlega sömu sjónarmiðum og verið afgreiddar með sama hætti og gert hafi verið gagnvart Brúneggjum. Því sé mótmælt að afhending gagna um Brúnegg og aðra eggjaframleiðendur hafi verið í andstöðu við jafnræðis- og meðalhófssjónarmið.

Stefndi hafi fylgt ákvæðum upplýsingalaga og hvorki brotið gegn rannsóknarreglu né andmælarétti Brúneggja með því að veita RÚV aðgang að gögnunum. Lögmatísreglu stjórnsýsluréttar hafi verið fylgt og stefndi tekið ákvörðun byggða á málefnalegum forsendum. Stefnendur hafi ekki sýnt fram á annað og því geti ekki verið um ólögmæta eða saknæma háttsemi stefnda eða starfsmanna stofnunarinnar að ræða sem leiði til skaðabótaskyldu stefnda MAST.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli sé óheimilt að hafa matvæli á boðstólum eða dreifa þeim þannig að þau *blekki kaupanda* og samkvæmt 2. mgr. 18. gr. a sömu laga sé óheimilt að *villa um fyrir neytendum* með merkingu, auglýsingu og framsetningu matvæla, þar með talið lögun þeirra, útliti eða umbúðum og umbúðaefni, hvernig þeim er fyrir komið og í hvaða umhverfi þau eru sýnd. Mælt hafi verið fyrir um skilyrði fyrir merkingum á vistvænum landbúnaðarafurðum í reglugerð nr. 504/1998 og heimilt hafi verið að einkenna tiltekna landbúnaðarafurðir, svo sem egg, með merki fyrir „vistvæna landbúnaðarafurð“, uppfylltu þær kröfur reglugerðarinnar og viðauka, meðal annars um að lágmarksgólfrymi skyldi við það miðað að á hvern fermetra gólfplatlar skyldu vera mest átta hænur. Framleiðsla Brúneggja hafi fjarri lagi, allt frá árinu 2007 að minnsta kosti, fullnægt öllum skilyrðum þess að mega merkja framleiðsluna sem vistvæna landbúnaðarafurð, nema síður sé. Þrátt fyrir brottfall reglugerðarinnar hafi lög nr. 93/1995 staðið óhöguð. Neytendastofa hafi, á grundvelli laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, hafið rannsókn á markaðsháttum Brúneggja 2. desember 2016. Það hafi verið niðurstaða Neytendastofu að fullyrðingar Brúneggja um að velferð hæsnanna væri höfð að leiðarljósi, að um vistvæn brún egg væri að ræða og að hænur Brúneggja fengju ást og umhyggju, væru ósannaðar og ekki hefðu verið færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um vistvæna landbúnaðarafurð væri að ræða.

Markmið laga nr. 55/2013 um velferð dýra sé að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Af tíðni og nauðsyn eftirlits stefnda með Brúneggjum, sem illa, seint eða ekki hafi verið brugðist við, verði ráðið að öllum framangreindum kröfum hafi ekki verið fullnægt. Af þeim ástæðum hafi einnig verið

villandi að merkja vörurnar með þeim hætti að um vistvæna landbúnaðarafurð hafi verið að ræða, sem grundvallaðist á „ást og umhyggju“. Í reglugerð nr. 135/2015 um velferð alifugla komi fram lágmarkskröfur um einstök atriði, meðal annars um að það skuli vera níu fuglar að hámarki á hvern fermetra aðgengilegs svæðis fyrir tiltekna fuglahópa. Áður hafi gilt reglugerð nr. 251/1995 þar sem, samkvæmt reglu sem stefndi hafi heimfært á fjölda varphænsna á gólfi, eigi skyldi hafa fleiri en 12 fullorðna stofnfugla á hvern fermetra gólfflatar eldisaðstöðu, en æskilegur fjöldi sé níu samkvæmt leiðbeiningum aðila sem rækti hæsnastofninn sem Brúnegg hafi haldið. Þessum kröfum hafi ekki verið fylgt og hafi merkingar og alhæfingar í markaðssetningu Brúneggja um að velferð hænsna væri í fyrirrúmi verið villandi. Í viðtali við Kristín Gylfa Jónsson í Kastljóspætti haustið 2015 hafi verið dregin upp mynd af starfsemi Brúneggja sem ekki hafi verið í neinu samræmi við ástand starfseminnar á þeim tíma samkvæmt eftirlitsgögnum stefnda.

Því sé mótmælt að stefndi MAST og starfsmenn hans hafi sýnt af sér ólögmetna og saknæma háttsemi við eftirlit með starfsemi Brúneggja ehf. Ákvarðanir stefnda og viðurlög hafi Brúnegg aldrei kært til æðra stjórnvalds eða annarra eftirlitsstjórnvalda eða fengið þær felldar úr gildi.

Við upphaf starfsemi Brúneggja á Stafholtsveggjum árið 2014 hafi strax komið fram veruleg frávik og vandkvæði við búfjárhaldið. Stefndi hafi ítrekað þurft að hafa viðameiri afskipti af starfseminni en hjá öðrum framleiðendum, bæði með auknu eftirliti og til að þvinga fram úrbætur. Ítrekað hafi verið fallist á það af Brúneggjum að athugasemdir um frávik varðandi t.a.m. þéttleika fugla og loftgæði hafi verið réttar því fyrirtækið lofaði sífellt úrbótum sem því miður hafi verið illa, seint eða ekki staðið við. Sé einungis horft til varphænsnabúanna á Teigi og Stafholtsveggjum, þ.e. ekki annarra alifuglabúa Brúneggja, liggi fyrir í gögnum málsins að viðvarandi frávik hafi verið merkt bæði vegna matvæla- og dýravelferðarpáttar starfseminnar á báðum stöðum. Skráð hafi verið 21 eftirlits- og úttektarheimsókn á Stafholtsveggjum á tímabilinu 24. júní 2014 til 3. mars 2017 og 16 eftirlitsheimsóknir á Teigi á tímabilinu 5. nóvember 2014 til 3. febrúar 2017. Tíðni eftirlits sem framkvæma hafi þurft á starfsstöðvum Brúneggja lýsi jafnframt þeim slæmu hollustuháttum og aðbúnaði sem blasað hafi við eftirlitsmönnum. Slíku hafi ekki verið fyrir að fara í sama mæli hjá öðrum framleiðendum og því ekki nauðsynlegt að sinna jafn viðamiklu eftirliti eða þvinga fram úrbætur á umræddu tímabili.

Með vísan til lýsinga á aðbúnaði hjá Brúneggjum og öðrum eggjaframleiðendum og til gagna málsins hafni stefndi því með öllu að hafa ranglega metið og tilgreint frávik hjá Brúneggjum í samanburði við aðra eggjaframleiðendur. Stefndi hafni því jafnframt með vísan til hins sama að hafa sýnt ósanngirni eða hafa brotið gegn reglu um málefnaleg sjónarmið og jafnræðisreglu stjórnisýsluréttar, enda hafi stefnendur ekki getað sýnt fram á það, hvorki með framlögðum gögnum né öðrum hætti.

Stefndi MAST og starfsmenn hans hafi ekki sýnt af sér ólögmeta og saknæma háttsemi með því að fallast á beiðni meðstefnda RÚV um viðtöl eða með ummælum sem sýnd hafi verið í Kastljósi. Því sé hafnað að stefndi eða starfsmenn stefnda hafi á einhvern hátt undirbúið Kastljóspáttinn í samvinnu við RÚV. Stefnda MAST og starfsmönnum stofnunarinnar sé heimilt að tjá sig um málefni sem starfað sé að, þar með talið að svara spurningum fjölmiðla, svo fremi sem gætt sé að staðreyndum mála sem og að sérstökum sjónarmiðum varðandi þagnarskyldu samkvæmt lögum. Leiði þetta af 18. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. nú lög nr. 71/2019 og X. kafla stjórnsýslulaga, og 3. mgr. 24. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, enda sé gætt að því að í ummælum starfsmanna sé ekki fjallað um einkamálefni einstaklinga og fjárhags- og viðskiptahagsmuni lögaðila sem falla undir 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Stefndi MAST hafi á grundvelli upplýsingalaga afhent gögn varðandi eftirlit og starfsemi eggjaframleiðenda og stjórnvaldsáskvarðanir. RÚV hafi því haft aðgang að gögnum um hvernig eggjaframleiðendur uppfylltu skilyrði laga og reglugerða um hollustuhætti við framleiðslu matvæla og kröfu um aðbúnað og umhirðu fugla sem þeir héldu og rökrétt hafi verið að RÚV leitaði skýringa á þeim upplýsingum. Þau ummæli sem starfsmennirnir hafi viðhaft séu alfarið í samræmi við málavexti og staðreyndir sem liggi fyrir í þeim gögnum og engin þeirra séu umfram það sem leiðir af málavöxtum, eftirlitsskýrslum, bréfum og öðrum gögnum málsins. Starfsmenn stefnda standi við bæði þau almennu ummæli sem stefnendur vísi til og eins þau sértæku ummæli er snúið hafi beint að upplýsingum varðandi starfsemi Brúneggja og öll eigi sér stoð í gögnum málsins. Öllum málsástæðum stefnenda varðandi tilgreind ummæli starfsmanna stefnda sé því mótmælt sem haldlausum, röngum og ósönnuðum. Stefnendur beri sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða sem þeir hafi ekki axlað.

Ummæli yfirdýralæknis um stress í hænum og um fuglakóleru hafi verið almenns eðlis og í fullu samræmi við almenna vitneskju, en stefndi MAST geti ekki borið ábyrgð á því hvernig þau ummæli hafi verið klippt og notuð af stefnda RÚV sem beri ábyrgð á framsetningunni. Ummæli yfirdýralæknis og ummæli forstjóra um að starfsfólk stefnda hafi talið að neytendur væru blekktir vegna merkingar umbúða, með hliðsjón af því að fjöldi fugla í varphúsum hjá Brúneggjum hafi iðulega verið umfram kröfu í reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu, byggist á staðreyndum. Með hliðsjón af eftirlitsniðurstöðum sé ljóst að ekki sé fótur fyrir fullyrðingum stefnenda um að ummæli hafi verið röng, heldur sýni þær svo ekki verði um villst að ekki hafi verið um vistvæna framleiðslu að ræða hjá Brúneggjum. Stefndi hafi ekki gert kröfur um úrbætur á þeim grunni þar sem öðrum aðila hafi verið falið eftirlit með þeim reglum, en stefndi hafi gert kröfu um að ekki væru fleiri en 12 fuglar á fermetra, í samræmi við ákvæði þágildandi reglugerðar nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum.

Ítrekað hafi verið gerðar athugasemdir við fjölda fugla í einstökum varphúsum Brúneggja, á miðju ári 2014 hafi þéttleiki verið of mikill miðað við 12 fugla og allt of mikill með tilliti til fyrirhugaðrar setningar velferðarreglna með lægri mörkum, sem miði við níu fugla. Fyrir liggi upplýsingar um að fjöldi fugla á Stafholtsveggjum hafi verið langt umfram heimildir samkvæmt reglugerð nr. 135/2015 um velferð alifugla. Talning við aflífun hafi leitt í ljós að fuglarnir hafi verið mun fleiri og ekki í samræmi við upplýsingar sem fyrirtækið hafi gefið upp við eftirlitið. Ummæli yfirdýralæknis um að grunur hafi verið um of marga fugla hjá Brúneggjum haustið 2016 hafi því verið rétt.

Frestað hafi verið og svo fallið frá boðaðri stöðvun á starfsemi og vörslusviptingu í nóvember 2015 vegna yfirlýsinga um úrbætur. Aðdragandi þess máls hafi verið langur, kröfur margítrekaðar og vilji til úrbóta ekki nægur. Stefndi hafi þurft að ganga langt í kröfugerð til að ná fram úrbótum af hálfu forráðamanna Brúneggja, sem beri einir ábyrgð á því hvernig mál þróuðust. Ljóst sé að það sé ekki skylda stefnda MAST að halda til baka gögnum eða upplýsingum þegar eftir þeim sé leitað eða þeirra krafist með lögmatum hætti á grundvelli upplýsingalaga, en stefndi MAST beri ekki ábyrgð á því með hvaða hætti fjallað hafi verið um þann málsins af hálfu stefnda RÚV. Horfa verði til gagnsæis í opinberri stjórnslu en það hefði vart komið betur út fyrir stefnendur ef stjórnendur stefnda MAST hefðu neitað að veita viðtal eða neitað að svara spurningum.

Staðhæfingar stefnenda um meint tjón sitt eigi ekki við rök að styðjast og séu ósannaðar með öllu. Þá hafi stefnendur með háttsemi sinni sýnt af sér eigin sök þannig að firri þá öllum skaðabótarétti eða að þeir þurfi að minnsta kosti að bera tjón sitt sjálfir að öllu verulegu leyti. Stefnendur þurfi sjálfir að axla ábyrgð á því, og bera áhættuna af því, hvernig komið hafi verið fyrir hjá Brúneggjum, sem hafi orðið kveikjan að umræddri umfjöllun, sbr. einnig reglur skaðabótaréttar um áhættutöku og skyldu til tjónstakmörkunar. Í aðgerðarleysi Brúneggja vegna ítrekaðra, alvarlegra og langvarandi frávíka bæði varðandi matvælaöryggi og dýravelferð hafi kristallast sá hugsunarháttur sem einkennt hafi alifuglahald Brúneggja, að gengið væri mjög langt í því að hámarka afrakstur á kostnað aðbúnaðar og umhirðu fugla. Í því felist eigin sök stefnenda sem jafnframt útiloki skaðabótaábyrgð stefnda.

Ósannað sé að önnur skilyrði skaðabótaábyrgðar stefnda MAST séu uppfyllt, en stefnendur beri sönnunarbyrði fyrir því. Þar á meðal sé ósannað að Brúnegg ehf. hafi orðið fyrir tjóni sem athafnir eða athafnaleysi stefnda MAST hafi orsakað eða sé sennileg afleiðing af athöfnum eða athafnaleysi stefnda MAST.

Krafa stefnda MAST um málskostnað byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

**Helstu málsástæður og lagarök stefnda Ríkisútvarpsins ohf.**

Stefndi Ríkisútvarpið ohf. (RÚV) mótmælir öllum málsástæðum stefnenda og mótmælir öllum skilyrðum skaðabótaábyrgðar að því er stefnda RÚV varðar. Þar á meðal um sök, tjón, orsakatengsl og sennilega afleiðingu.

Stefnendur skorti heimild til sóknaraðildar, hvorutveggja þar sem kröfuframsalsé í andstöðu við lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og þar sem rekstur Brúneggja ehf. hafi verið seldur til Gjáhólts ehf. áður en bú fyrrnefnda félagsins hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Þá séu skilyrði til óskiptrar bótaábyrgðar ekki uppfyllt og meint krafa stefnenda auk þess fallin niður vegna tómlætis. Til stuðnings þessum málsástæðum vísar stefndi RÚV til málsástæðna stefnda MAST um þessi atriði, tekur undir þær og gerir að sínum, en þær eru nánar tilgreindar hér að framan.

Meginefni fréttaplutnings RÚV hafi lotið að því sem ráða hafi mátt af stjórn-sýslueftirliti MAST með starfsemi Brúneggja um árabíl. Brugðið hafi verið ljósi á ítrekuð afskipti MAST af eggjaframleiðslu Brúneggja en af þeim hafi mátt ráða að starfshættir og markaðshættir, meðal annars merki um vistvæna landbúnaðarframleiðslu, hafi orkað tvímælis í meira lagi og farið á svig við lög. Umfjöllun RÚV um þetta, sem ekki hafi verið takmörkuð við fjölda fugla á fermetra, hafi ekki síður varpað ljósi á starfsemi eftirlitsaðilans MAST, þar á meðal atriði í eftirlitinu sem kallað hafi á gagnrýna umfjöllun og um það hvort ekki væri rétt og eðlilegt að neytendur væru betur upplýstir.

Umfjöllun stefnda RÚV hafi verið sett fram í góðri trú og fái fullnægjandi stoð í gögnum málsins, þar á meðal í viðtölum við starfsmenn MAST. Starfsmenn stefnda RÚV hafi haft heimildir sem mátt hafi telja traustar og umfjöllunin hafi átt fyllsta erindi til almennings. Stefndi beri skyldur samkvæmt lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, þar á meðal til að stunda vandaða og gagnrýna fréttamennsku og rýna meðal annars störf yfirvalda, félaga og fyrirtækja, sem áhrif hafi á hag almennings. Fréttaumfjöllun stefnda hafi verið í samræmi við þær skyldur og jafnframt að öllu leyti í samræmi við siðareglur Ríkisútvarpsins. Stefndi mótmæli málsástæðum stefnenda um annað.

Í krafti hins rúma tjáningarfrelsis sem fjölmiðlar njóti samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, hafi stefndi haft svigrúm til að ákveða nánari framsetningu umfjöllunarinnar, svo framarlega sem hún væri studd heimildum sem stefndi hafi mátt telja traustar, svo sem raunin sé. Brúnegg hafi aldrei krafist ógildingar á athöfnum eða ákvörðunum MAST eða annarra eftirlitsaðila og fyrirsvarsmaður Brúneggja, sem gefinn hafi verið kostur á að tjá sig í viðtali í þættinum, hafi þar tiltekið sérstaklega að honum þætti MAST hafa gengið fram af sanngirni og að segja mætti að verið hafi uppsöfnuð þörf til aðgerða á grundvelli velferðarreglugerðarinnar.

Stefndi RÚV mótmælir sem haldlausum, röngum og ósönnuðum málsástæðum stefnenda um að efnistöð og umfjöllun í Kastljóspættinum hafi verið ósanngjörn, röng

og villandi og mótmælir því að háttsemi Tryggva Aðalbjörnssonar og Þóru Arnórsdóttur við undirbúning og vinnslu þáttarins hafi verið sagnæm og ólögmat.

Umfjöllun um að Brúnegg hafi aldrei fylgt skilyrðum til merkingar um vistvæna landbúnaðarframleiðslu eigi sér stoð í gögnum málsins og í viðtölum við starfsmenn og stjórnendur MAST, en einnig í viðtali við fyrirvarsmann Brúneggja. Vísað sé til reglu fjölmiðlaréttar um að fjölmiðill verði ekki gerður ábyrgur vegna ummæla viðmælenda sinna, sbr. a-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Engu breyti hér þótt eftirlit hafi áður verið í höndum annars stjórnvalds, sem hafi verið upplýst um ástandið. Samanburður stefnenda við aðbúnað hjá öðrum eggjaframleiðendum sé vanreifaður, ósannaður og virðist rangur í ljósi ummæla viðmælenda og gagna málsins.

Haldlaus sé sú málsástæða að umfjöllun sem hafi lotið að eldra ástandi og athugasemdum hafi ekki verið fréttæm. Fréttamið hafi verið ótvírætt bæði í ljósi viðtals við fyrirvarsmann Brúneggja haustið 2015 og í ljósi þess að gögn málsins og ummæli stjórnenda MAST, sem engin ástæða hafi verið til að vefengja, hafi borið með sér að málefni Brúneggja hafi verið verri en hjá öðrum. Það sé síður en svo óeðlilegt, hvað þá sagnæmt, að fjallað sé um áralöng afskipti eftirlitsaðila af eftirlitsskyldum aðila starfandi á neytendamarkaði vegna margháttaðra vankanta og frávik í rekstri félags, en því fari fjarri að Brúnegg hafi á árinu 2016 og eftir sýningu þáttarins siglt lygnan sjó í samskiptum sínum við MAST og aðra eftirlitsaðila. Þá hafi stefnda verið frjálst að fjalla um eldri mál, þar á meðal um fuglakóleru, sem staðið hafi samkvæmt gögnum málsins í beinum tengslum við vankanta í starfsháttum og aðbúnaði Brúneggja, enda fari því fjarri að það sé ekki fréttæfni.

Að virtum upplýsingum og gögnum sem umfjöllunin fái stoð í, góðri trú stefnda og því að umfjöllunin átti erindi við almenning, fari því fjarri að um ærumeiðingar og meiðyrði geti verið að ræða. Haldlaus sé sú málsástæða að höfnun á beiðni um frestun á sýningu þáttarins hafi verið í andstöðu við grundvallarskyldur fréttamanna og fjölmiðla, enda verði ekki séð að stefnendur hafi átt sérstakar málsbætur til að koma á framfæri. Þá hafi stefnda verið frjálst að bregða ljósi myndrænt á fjölda hænsna miðað við gildandi lög og reglur í ljósi fyrri og tíðra athugasemda eftirlitsaðila sem umfjöllunin hafi glögglega endurspeglad. Í krafti hins rúma tjáningarfrelsis sem fjölmiðlar njóti hafi stefndi svigrúm til að ákveða framsetningu umfjöllunar. Leitað hafi verið sjónarmiða Brúneggja í málinu, meðal annars með viðtali við fyrirvarsmann sem sýnt hafi verið í þættinum. Honum hafi fyrir fram verið kynnt umfjöllunarefnið tæpum tveimur vikum fyrir sýningu þáttarins og kynnt það að stefndi RÚV hefði upplýsingar undir höndum. Réttur Brúneggja til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri hafi því verið virtur í samræmi við það sem lög bjóða, en það sé á ábyrgð fyrirvarsmanna félagsins hversu vel þeim takist að koma á framfæri sjónarmiðum um þessi atriði sem þeim ættu að vera kunn. Þá hafi

stefndi sem aðili máls haft fullar heimildir til og forræði á að óska eftir fresti á máli gegn MAST fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Umfjöllun og vinnubrögð stefnda og starfsmanna hans hafi verið í samræmi við þær kröfur sem gera megi til fjölmiðla, þar á meðal að virtri réttarframkvæmd.

Gögn málsins beri með sér að starfsemi Brúneggja hafi verið andstæð matvæla- löggjöf. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli sé óheimilt að hafa matvæli á boðstólum eða dreifa þeim þannig að þau blekki kaupanda að því er varðar uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða áhrif. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. a sömu laga sé óheimilt að villa um fyrir neytendum með merkingu, auglýsingu og framsetningu matvæla, þar með talið lögun þeirra, útliti eða umbúðum og umbúðaeftni, hvernig þeim sé fyrir komið og í hvaða umhverfi þau séu sýnd. Gögn málsins beri með sér að framleiðsla Brúneggja hafi fjarri lagi fullnægt öllum skilyrðum, sem sett hafi verið í reglugerð nr. 504/1998 og viðauka, til þess að mega merkja framleiðsluna sem vistvæna landbúnaðarafurð, sbr. einnig 1. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Neytendastofa hafi talið Brúnegg brjóta með slíkum merkingum gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Umfjöllun stefnda RÚV hafi verið reist á því sem ráða hafi mátt af stjórn-sýslueftirliti stefnda MAST með Brúneggjum og samtölum við stjórnendur MAST. Stefndi MAST hafi eftirlit með lögum nr. 55/2013 um velferð dýra sem vísað hafi verið til í þættinum og af stjórn-sýslueftirliti MAST að dæma verði ekki ráðið að kröfum laganna um aðbúnað o.fl. hafi verið fullnægt af hálfu Brúneggja, nema síður sé. Þá hafi kröfum reglugerðar nr. 135/2015 um velferð alifugla, áður reglugerð nr. 251/1995, ekki heldur verið fullnægt. Af þeim ástæðum sé einnig villandi að merkja vörurnar með þeim hætti að um hafi verið að ræða vistvæna landbúnaðarafurð sem grundvallist á ást og umhyggju. Sú mynd sem dregin hafi verið upp af starfsemi Brúneggja í viðtali við fyrirsvarsmann félagsins í Kastljósi haustið 2015 hafi ekki verið í neinu samræmi við það sem ráða megi af stjórn-sýslueftirliti MAST.

Stefndi RÚV taki undir málsástæður stefnda MAST um að upplýsingagjöf stefnda MAST til stefnda RÚV hafi ekki verið í andstöðu við lög. Hún hafi verið í samræmi við II. kafla upplýsingalaga nr. 140/2012 um upplýsingarétt almennings, enda sé um almannahagsmunir að ræða sem vegi þyngra á metum en gagnstæðir hagsmunir. Ákvæði stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 og grundvallarreglur stjórn-sýsluréttar leiði ekki til annarrar niðurstöðu. Í upplýsingalögum séu sérreglur um málsmeðferð og lagaskylda um andmælarétt verði ekki leidd af þeim lögum, þrátt fyrir heimildarákvæði 2. mgr. 17. gr. laganna.

Þá hafi starfsmenn stjórn-sýslunnar í meginatriðum tjáningarfrelsi til að tjá sig við fréttamenn og heimild til tjáningar um upplýsingar, sem aðgengilegar séu á grundvelli upplýsingalaga, svo sem hér eigi við, rúmist innan heimilda starfsmanna. Það samræmist

meginsjónarmiðum laga nr. 71/2019 og markmiðum upplýsingalaga nr. 140/2012, en í 4. tölul. 1. gr. laganna komi fram að tilgangur þeirra sé einnig sá að efla möguleika fjölmiðla á að miðla upplýsingum um opinber málefni.

Heimildir meðstefnda MAST til upplýsingagjafar hafi því verið í samræmi við lög. Það sé þó ekki skilyrði fyrir því að stefndi RÚV og starfsmenn hans styðjist við gögn og upplýsingar sem þau fái í hendur og sem eigi erindi til almennings, hvernig sem þeirra sé aflað, að virtu hlutverki og skyldum fjölmiðla í Lýðræðisþjóðfélag og þeirri vernd sem þeir njóta samkvæmt stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

Málsástæðu stefnenda um að háttsemi starfsmanna stefnda hafi valdið stefnendum fjártjóni mótmæli stefndi sem haldlausri, rangri og ósannaðri. Saknæm og ólög-mæt háttsemi stefnenda sjálfra hafi valdið þeim hvers konar meintu fjártjóni, en ekki stefndi og starfsmenn hans. Jafnframt byggji stefndi á sjónarmiðum um meðábyrgð, áhættutöku og skorti á tjónstakmörkun. Stefnendur hafi sýnt af sér eigin sök sem firri þá öllum skaðabótarétti eða þurfi að minnsta kosti að bera tjón sitt sjálfir að öllu verulegu leyti. Hafi umfjöllunin ekki verið á rökum reist, sem stefndi mótmælir, hefðu stefnendur betur á sínum tíma komið slíkum sjónarmiðum skilmerkilega á framfæri við eftirlitsaðila og viðskiptamenn stefnenda og neytendur, fyrir og eftir sýningu þáttarins.

Stefndi mótmæli því að önnur skilyrði skaðabótaábyrgðar teljist uppfyllt, þar með talið að það geti talist sennileg afleiðing af meintri bótaskyldri háttsemi stefndu að Brúnegg yrðu gjaldþrota. Stefnendur þurfi í samræmi við almennar reglur að sanna orsakatengsl milli meintrar skaðabótaskyldrar háttsemi og meints tjóns. Engin efni standi til þess að snúa sönnunarbyrði við. Gæta verði að því að meginorsök tjóns stefnenda sé þeirra eigin háttsemi, sem umfjöllun stefnda hafi varpað ljósi á.

Málskostnaðarkrafa stefnda RÚV byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og byggt er á því að við ákvörðun málskostnaðar beri að gæta að umfangi málsins og því að málshöfðunin sé að mati stefnda án sjáanlegs tilefnis.

## **Niðurstaða**

Stefnendur krefjast í málinu viðurkenningar á skaðabótaábyrgð stefndu gagnvart sér, hvorum um sig, vegna tjóns sem hlotist hafi af umfjöllun um félagið Brúnegg ehf. í sjónvarpsþættinum Kastljósi sem sýndur var 28. nóvember 2016. Bú Brúneggja ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni fyrirsvarsmanna félagsins 3. mars 2017 og telja stefnendur að stefndu beri skaðabótaábyrgð á tjóni félagsins vegna saknæmrar og ólögmeðrar háttsemi starfsmanna stefndu við gerð og sýningu þáttarins. Ágreiningslaust er að þátturinn var gerður á vegum stefnda Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) og að við gerð hans var aflað gagna frá stefndu Matvælastofnun (MAST), en upplýsingar um málefni Brúneggja ehf. sem í þeim gögnum var að finna voru í þættinum sett fram af fréttamanni og ritstjóra Kastljóss. Þá voru í þættinum birt innslög úr viðtölum við æðstu stjórnendur

MAST og viðtali við Kristin Gylfa Jónsson, fyrirsvarsmann stefnanda Geysis-Fjárfestingarfélags ehf., en hann var jafnframt fyrirsvarismaður Brúneggja ehf. þegar þátturinn var gerður. Auk þess voru í þættinum sýnd brot úr viðtölum við Kristin Gylfa sem birst höfðu í umfjöllun Kastljóss um vistvæna framleiðslu 15. október 2015.

Sýknukrafa beggja stefndu byggist meðal annars á aðildarskorti til sóknar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Stefnendur styðja aðild sína að málinu við framsal, dags. 5. nóvember 2020, frá skiptastjóra þrotabús Brúneggja ehf. til þeirra, að hálfu til hvors um sig, á öllum hugsanlegum kröfum þrotabúsins á hendur stefndu, sem rekja megi til eða tengjast þar nánar tilgreindri háttsemi eða kringumstæðum, þar á meðal er sú háttsemi og þær kringumstæður sem lýst er í dómkröfum stefnanda. Í úrskurði Landsréttar 6. apríl 2022 í máli nr. 9/2022 er skjalinu nánar lýst og kemur þar fram að fyrir réttinn hafi verið lögð gögn um að skiptum á þrotabúi Brúneggja ehf. hafi lokið 9. desember 2020, rúmum mánuði eftir framangreinda ráðstöfun skiptastjórans, en dómskjal um skiptalokin var lagt fram í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur 10. maí 2022.

Stefndu telja framsalið vera í andstöðu við gjaldþrotaskiptalög og þar með ógilt og vísa því til stuðnings til þess að ekkert sé upplýst um hvort gagngjald hafi komið fyrir framsalið eða um að það sé gert til hagsbóta búinu. Þá vísa stefndu til þess að samkvæmt gögnum málsins hafi bústofn Brúneggja verið seldur öðru félagi fyrir gjaldþrotið en óljóst sé hvað fylgt hafi með í þeim kaupum. Engin gögn eða upplýsingar liggja fyrir um að umræddri ráðstöfun skiptastjórans hafi verið andmælt af hálfu kröfuhafa eða annarra aðila að gjaldþrotaskiptum Brúneggja ehf. eða um að reynt hafi verið að hnekkja henni á grundvelli laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Kemur ákvörðun skiptastjórans um framsal hugsanlegra krafna á hendur stefndu til stefnanda ekki til endurskoðunar í þessu máli, enda ekki upplýst hvað lá henni að baki, en í ljósi ábyrgðar hans og kunnáttu verður að telja ósannað að hann hafi ekki talið framsalið vera búinu til hagsbóta eða andlag þess vera því til ráðstöfunar. Að þessu virtu er málsástæðum stefndu fyrir sýknu á grundvelli aðildarskorts stefnanda hafnað.

Þó að liðin hafi verið nær fjögur ár frá sýningu þáttarins þegar kröfur stefnanda um skaðabætur frá stefndu vegna ætlaðs tjóns Brúneggja ehf. komu fyrst fram með kröfu-bréfum til beggja stefndu þann 9. nóvember 2020 er til þess að líta að stefnendur áttu ekki aðild að slíkri kröfu fyrr en í fyrsta lagi eftir framangreint kröfuframsal, fjórum dögum áður en kröfur þeirra voru hafðar uppi gagnvart stefndu. Verður í ljósi þessa ekki fallist á það með stefndu að þær kröfur stefnanda hafi fallið niður vegna tómlætis.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 er heimilt að höfða mál til að leita viðurkenningardóms um kröfu, enda hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands. Það var niðurstaða Landsréttar í úrskurði í máli nr. 9/2022 að með gögnum sem stefnendur lögðu fram í málinu og málalíbúnaði þeirra að öðru leyti hefðu þeir leitt að því nægar líkur að Brúnegg ehf.

hefðu orðið fyrir fjártjóni, þótt engu verði slegið föstu um umfang þess. Þá teldist fullnægt öðrum skilyrðum fyrir beitingu þessarar heimildar. Af því leiði að þrotabú félagsins hafi haft lögvarða hagsmuni af því að fá dæmt um kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu samkvæmt þessu lagaákvæði. Í samræmi við þá niðurstöðu Landsréttar telst krafan sem framseld var stefnendum og þeir hafa uppi í máli þessu til viðurkenningar á bótaskyldu vera tæk til úrlausnar á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Af hálfu beggja stefndu er því mótmælt að þeir geti borið óskipta ábyrgð á meintu tjóni Brúneggja ehf. vegna sýningar þáttarins, svo sem stefnundur krefjast í aðalkröfum sínum. Í fyrrnefndum úrskurði Landsréttar, þar sem ekki voru taldir þeir annmarkar á þeirri kröfugerð að frávísun varði, segir að ekki hafi verið færð fram haldbær rök sem standi því í vegi að taka megji hana til efnislegrar úrlausnar og lagt var fyrir héraðsdóm að taka samhljóða kröfur stefnenda um óskipta bótaábyrgð stefndu, sem nú eru aðalkröfur þeirra, til efnismeðferðar. Jafnframt skyldi eftir atvikum, þar sem kröfugerð væri ekki einskorðuð við óskipta bótaábyrgð, koma til efnislegrar úrlausnar kröfugerð um bótaábyrgð hvors stefnda um sig, sem nú eru varakröfur stefnenda. Ljóst er að kröfur um óskipta ábyrgð stefndu á meintu tjóni Brúneggja ehf. kæmu aldrei til álita í málinu nema skilyrði yrðu talin vera fyrir hendi fyrir bótaskyldu beggja stefndu.

Stefnundur halda því fram að afhending gagna MAST til RÚV og málsmeðferð henni tengd hafi falið í sér saknæma og ólögmæta háttsemi. Í úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál í máli nr. 676/2017 frá 23. mars 2017 var ekki fundið að öðru í málsmeðferð MAST en því að afmáðar hefðu verið upplýsingar sem veita hefði átt, og þannig hefði átt að veita RÚV meiri upplýsingar en gert var. Að virtum gögnum málsins og jafnframt með hliðsjón af rökstuðningi í fyrrgreindum úrskurði telur dómurinn að stefndi MAST hafi fylgt ákvæðum upplýsingalaga nr. 140/2012 og hvorki brotið gegn rannsóknarreglu né andmælarétti Brúneggja við ákvörðun um að veita stefnda RÚV aðgang að gögnunum. Lögmætisreglu stjórnsýsluréttar hafi því verið fylgt og stefndi MAST tekið ákvörðun byggða á málefnalegum forsendum. Þá verður ekki fallist á að stefnda MAST hafi á grundvelli upplýsingalaga borið skylda til að upplýsa Brúnegg ehf. um fram komna upplýsingabeidni og ákvörðun um afhendingu gagna. Verður því að hafna málsástæðum stefnenda um að stefndi MAST og starfsmenn stofnunarinnar hafi sýnt af sér ólögmæta og saknæma háttsemi sem leitt geti til skaðabótaskyldu stefnda MAST þegar upplýsingabeidnir RÚV voru afgreiddar.

Það liðsinni stefnda MAST við stefnda RÚV við undirbúning og upptöku Kastljósþáttarins sem stefnundur telja ólögmætt og saknæmt virðist, eftir því sem í ljós var leitt við skýrslugjafir vitna fyrir dómi, hafa verið afar takmarkað. Fyrir liggur fundargerð í málinu um einn fund sem fréttamaður RÚV átti með starfsmönnum MAST og leitaði þar skýringa á atriðum varðandi upplýsingar í gögnum sem stofnunin hafði þá afhent með lögmætum hætti. Þykir ljóst að stefndi MAST réð engu um efnistöð þáttarins,

enda beindist umfjöllunin meðal annars að gagnrýni á eftirlitsstörf MAST og þá með þeim hætti að aðgerðum gagnvart Brúneggjum hefði mátt fylgja fastar eftir en gert var. Aðkoma starfsmanna MAST að þættinum sjálfum fólst í því að forstjóri og yfirdýralæknir veittu viðtöl þar sem svarað var spurningum fréttamanns um atriði sem fram komu í gögnunum og heyrðu undir sérkunnáttu þeirra og starfssvið. Verður ekki fallist á það með stefnendum að þeim hafi ekki verið heimilt að lögum að tjá sig í fjölmiðlum um þau málefni sem undir stofnunina heyrðu, þar með talið um málefni Brúneggja, í því ljósi að fyrir lá að stefndi RÚV hafði upplýsingar um þau málefni og myndi fjalla um þau í Kastljósþættinum. Að virtum fyrirbyggjandi gögnum og ummælum fyrrum forstjóra MAST og yfirdýralæknis sem birtust í þættinum verður ekki séð að fullyrðingar stefnenda um að í þeim ummælum séu rangfærslur eigi sér nokkra stoð í gögnum málsins.

Stefnendur telja að stefndi MAST hafi ekki verið réttur aðili til að tjá sig um merkingar á afurðum Brúneggja og hefði verið það óheimilt þar sem eftirlit með reglugerð nr. 504/1998 um vistvæna landbúnaðarframleiðslu heyrði ekki á gildistíma hennar undir stofnunina. Fyrir liggur í gögnum málsins, og kom það jafnframt fram í Kastljósþættinum, að stefndi MAST vakti athygli þeirra stjórnvalda, sem eftirlit með reglugerðinni heyrði undir, á því ástandi sem MAST hafði séð við eftirlit og með því gætti MAST rétttra stjórnsýsluhátta. Ekki verður fallist á það með stefnendum að forstjóra stefnda MAST hafi verið óheimilt að segja frá því í viðtali að hann geti ekki séð það við skoðun eftirlitsskýrslna aftur í tímann að fjöldi fugla hafi nokkurn tímann verið í samræmi við kröfur í reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu eða segja frá því að starfsfólk MAST hafi talið að verið væri að blekkja neytendur vegna þess að þær kröfur voru ekki uppfylltar. Umrætt ástand var einnig óviðunandi í atriðum sem undir stofnunina heyrðu, og sem henni bar að hafa eftirlit með á grundvelli laga um matvæli og um dýravelferð. Þá liggur fyrir að Neytendastofa hóf rannsókn á markaðsháttum Brúneggja ehf. 2. desember 2016 á grundvelli laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Samkvæmt gögnum málsins var það niðurstaða þeirrar athugunar að ekki hefðu verið færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um vistvæna landbúnaðarafurð væri að ræða, sem leiddi til þess að notkun myndmerkis um slíkt var bönnuð.

Stefnendur halda því meðal annars fram að meðferð mála og afstaða MAST gagnvart rekstri einstakra eggjaframleiðenda og svokölluðum frávikum hafi verið önnur en þegar komið hafi að Brúneggjum ehf. Virðast þeir telja að sú meinta mismunun við eftirlit með eggjaframleiðendum hafi verið ólögmat og saknæm háttsemi, sem baki stefnda MAST bótaskyldu á tjóni Brúneggja ehf. vegna þeirra atvika og háttsemi sem lýst er í stefnukröfum og stefnendur rekja tjónið til. Þó að fjallað hafi verið um gögn um eftirlit MAST um árabil með Brúneggjum ehf. og öðrum eggjaframleiðendum í þættinum getur það eftirlit sem þar er lýst og fór fram á lögmaeltum grundvelli ekki talist hluti af undir-

búningi fyrir gerð sjónvarpsþáttarins eða fallið undir aðra þá háttsemi lýst er í stefnukröfum og krafist er viðurkenningar á bótaskyldu vegna. Meint ólögmæt og saknæm háttsemi MAST við eftirlit, sem stefndi MAST mótmælir með rökstuddum hætti í greinargerð, gæti því ekki leitt til þess að fallist yrði á dómkröfur stefnenda sem byggjast á allt öðrum atvikum og háttsemi en þeim eftirlitsstörfum stefnda MAST með Brúneggjum ehf. og öðrum eggjaframleiðendum sem stefnendur lýsa í þessu sambandi.

Að virtu framangreindu verður ekki fallist á það með stefnendum að sú háttsemi starfsmanna stefnda MAST sem lýst er í dómkröfum hafi verið ólögmæt og saknæm.

Stefnendur halda því fram að undirbúningur, umfjöllun og efnistösk stefnda RÚV hafi verið ósanngjörn, röng og villandi. Sú háttsemi hafi verið saknæm og ólögmæt þar sem brotið hafi verið gegn grundvallarskyldum til að gæta að sanngirni, hlutlægni, jafnræði og fréttnæmi og til að gæta hagsmuna þeirra sem um var fjallað.

Sá tjónsatburður sem stefnendur reisa kröfu sína um viðurkenningu á bótaábyrgð stefndu á er útsending á sjónvarpsþættinum Kastljósi þann 28. nóvember 2016, en stefndi RÚV bæði gerði þáttinn og sendi hann út. Meðal gagna málsins er, auk rafræns eintaks af þættinum, endurrit þar sem upp er ritað hvert einasta orð sem látið var falla í þættinum og eru þar jafnframt birtar upplýsingar um það hver talar hverju sinni. Við málflutning staðfestu lögmenn allra málsaðila að enginn ágreiningur væri um að þar væri rétt upp ritað. Í skjalinu eru jafnframt tilvísanir í þau gögn sem liggja þeim upplýsingum til grundvallar sem þar eru færðar fram. Þegar endurrit Kastljósþáttarins er af nákvæmni borið saman við þau gögn sem fyrir liggja er ekki annað í ljós leitt en að þar rétt sé með allar upplýsingar og staðreyndir farið.

Hvað varðar málsástæður stefnenda um að efnistösk hafi verið ósanngjörn með því að ranglega hafi verið dregin upp dökk mynd af aðbúnaði fugla hjá Brúneggjum, meðal annars með umfjöllun um eldri mál, er til þess að líta að fréttamenn njóta frelsis, meðal annars til þess að meta hvað er fréttnæmt og hvað á erindi við almenning. Þeir njóta frelsis til þess að velja umfjöllunarefni og hafa svigrúm til að ákveða framsetningu efnis. Svo sem fyrr greinir þykir fullsannað að rétt hafi verið farið með staðreyndir í þættinum og þykir umfjöllun í garð Brúneggja ekki hafa verið óvægnari en fyrirliggjandi gögn og upplýsingar gáfu tilefni til.

Stefnendur halda því fram að ekki hafi verið gætt að hagsmunum Brúneggja í undirbúningi þáttarins með því að upplýsa ekki fyrirvarsmenn nánar um efni hans fyrir fram. Fyrir liggur að fyrirvarsmanni Brúneggja, Kristni Gylfa Jónssyni, gafst kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi málefni Brúneggja bæði í viðtali sem sýnt var í þættinum og í samtali við fréttamann, sem hafði samband við hann til þess að upplýsa hann um komandi umfjöllun fyrir sýningu þáttarins. Í skýrslu sinni fyrir dómi kvað Kristinn Gylfi þá Tryggva Aðalbjörnsson hafa rætt saman í síma um þetta 21. nóvember 2016. Þegar Tryggvi hefði fyrst hringt til hans einhverjum dögum fyrr hefðu

þeir ekki náð að ræða saman, en hann hefði þá talið að ætlunin væri að fylgja eftir umfjöllun Kastljóss um vistvæna framleiðslu frá 15. október 2015. Kristinn Gylfi kvað Tryggva svo hafa upplýst sig í samtali þeirra viku fyrir sýningu þáttarins um að hann hefði fengið gögn frá MAST um athugasemdir gagnvart Brúneggjum og honum hefði þá strax orðið ljóst að umfjöllun Kastljóss yrði á neikvæðum nótum. Í ljósi þessa verður ekki tekið undir sjónarmið stefnenda um að þess hafi ekki verið gætt að upplýsa nægilega „andlag fréttaskýringarinnar“, sem þekkti umrædd gögn og athugasemdir, fyrir fram um fyrirhugað efni þáttarins. Á hinn bóginn liggur fyrir að fréttamaðurinn vildi ekki að fyrirsvarsmenn Brúneggja hefðu veður af undirbúningi hans fyrr en öflun og úrvinnsla gagna væri langt komin. Fréttamaðurinn hafði því samband við ritara úrskurðarnefndar um upplýsingamál þann 21. júlí 2016 með beiðni um frestun á afgreiðslu kærumáls RÚV um aðgang að gögnum í vörslum MAST. Í ljósi þess að RÚV hafði sem kærandi í því máli forræði á því að draga kæru sína til baka hvenær sem var og í ljósi þess að Brúnegg ehf. voru ekki aðili þess máls verður þessi háttsemi hvorki talin saknæm né ólögmat eða fela í sér brot gegn skyldum fréttamanns gagnvart því fyrirtæki sem fjalla átti um.

Í aðilaskýrslu Kristins Gylfa Jónssonar fyrir dómi kom fram að Brúnegg hefðu á 12–13 árum náð 20% af markaði í eggjasölu, hefðu haft af henni mikinn hagnað og reksturinn verið sjálfbær. Af framburði hans verður ekki annað ráðið en að hann telji að tjón Brúneggja felist í því að félagið hafi eftir sýningu Kastljósþáttarins ekki haft þann hagnað af starfsemi sinni sem það áður hafði haft og hafði gert ráð fyrir að njóta áfram. Fær það stoð í gögnum málsins að markaðshlutdeild Brúneggja hafi verið þetta mikil og það þótt verðlagning á Brúneggjum hafi verið ívið hærri en hjá öðrum framleiðendum. Þá liggur jafnframt fyrir að eftirspurn neytenda eftir Brúneggjum hríðféll eftir sýningu Kastljósþáttarins. Svo sem að framan hefur verið rakið verður ekki annað séð en að í þættinum hafi verið birtar upplýsingar sem eiga sér stoð í umfangsmiklum gögnum sem unnin eru af opinberum eftirlitsaðilum um starfsemi félagsins Brúneggja ehf. og að þar hafi verið farið rétt með allar upplýsingar sem máli skipta og umfjöllunin því gefið raunsanna mynd af starfsemi félagsins.

Að öllu framangreindu virtu verður fallist á það með stefnda RÚV að umfjöllun stefnda hafi átt fyllsta erindi til almennings, hún hafi verið sett fram í góðri trú og fái fullnægjandi stoð í gögnum málsins. Gögn málsins bera með sér að í starfsemi Brúneggja hafi meðal annars verið brotið gegn ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, laga nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerðar nr. 135/2015 um velferð alifugla. Umfjöllun stefnda RÚV um þau brot var reist á því sem ráða mátti af stjórnsýslueftirliti með Brúneggjum og samtölum og viðtölum við stjórnendur stefnda MAST.

Þá er það jafnframt niðurstaða dómsins að umfjöllun og vinnubrögð stefnda RÚV og starfsmanna hans hafi verið í samræmi við skyldur samkvæmt lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla og lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, og þær kröfur

sem gera megi til fjölmiðla, þar á meðal að virtri réttarframkvæmd og að virtu hlutverki fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi. Því er ekki fallist á það með stefnendum að sú háttsemi starfsmanna stefnda RÚV sem lýst er í dómkröfum hafi verið ólögæt og saknæm.

Þá verður ekki á það fallist með stefnendum að víkja beri frá þeirri reglu skaðabótaréttar að það hvíli á þeim að sanna að háttsemi stefndu hafi verið saknæm og ólögæt og á það jafnt við um stefnda MAST og stefnda RÚV. Svo sem að framan greinir hefur stefnendum að mati dómsins ekki tekist að færa sönnur að því að háttsemi starfsmanna stefndu sem lýst er í dómkröfum hafi verið saknæm og ólögæt og eru því skilyrði fyrir skaðabótaábyrgð stefndu ekki fyrir hendi. Þá verður að taka undir það með báðum stefndu að ósannað er að önnur skilyrði skaðabótaábyrgðar stefndu séu uppfyllt, þar á meðal um að Brúnegg ehf. hafi orðið fyrir tjóni sem athafnir eða athafnaleysi stefndu hafi orsakað eða sé sennileg afleiðing af athöfnum eða athafnaleysi stefndu. Það hefði jafnframt hvílt á stefnendum að sanna þau orsakatengsl, en margt bendir til þess að frumorsök tjóns Brúneggja ehf. sé sú hvernig að starfsemi félagsins var staðið.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða dómsins að stefnendum hafi ekki tekist að sýna fram á að stefndu beri, hvorki saman né hvor um sig, skaðabótaábyrgð gagnvart stefnendum vegna tjóns Brúneggja ehf. af þeirri háttsemi stefndu eða starfsmanna þeirra sem lýst er í dómkröfum. Verða stefndu báðir því sýknaðir af viðurkenningarkröfum stefnenda, jafnt í aðalkröfum sem varakröfum.

Eftir þessum málsúrslitum ber með vísan til meginreglu 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 að gera stefnendum að greiða stefndu málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar ber að taka tillit til fyrrnefnds úrskurðar Landsréttar þar sem úrskurður héraðsdóms um frávísun þeirra krafna sem upphaflega voru 1. og 5. varakröfur stefnenda var felldur úr gildi, svo og ákvörðun um málskostnað í þeim þætti málsins, sem skyldi bíða efnisdóms. Stefndu krefjast málskostnaðar óskipt úr hendi stefnenda að mati dómsins og mælast til þess að við ákvörðun fjárhæðar hans verði meðal annars litið til umfangs málsins, en skjöl þess eru 270 talsins, þar með talið eru stefna og greinargerðir sem samtals telja yfir 150 blaðsíður. Að öllu þessu virtu verður stefnendum óskipt gert að greiða stefndu, hvorum um sig, 4.000.000 króna í málskostnað.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndu, Matvælastofnun og Ríkisútvarpið ohf., eru sýknaðir af dómkröfum stefnenda Bala ehf. og Geysis-Fjárfestingarfélags ehf.

Stefnendur greiði stefndu, hvorum um sig, 4.000.000 króna í málskostnað.

Kristrún Kristinsdóttir